

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Dalabyggðar 2024

1. gr.

Vatnsgjald Vatnsveitu Dalabyggðar er 0,28% af fasteignamati fyrir íbúðarhúsnæði og annað húsnæði sem tengt er vatnsveitunni. Vatnsgjald á íbúðarhús skal þó að hámarki vera kr. 64.099.

2. gr.

Sérstakt notkunargjald skv. 13. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005, skal vera 19,24 krónur á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

3. gr.

Leigugjald vatnsmæla, sbr. 14. gr. ofangreindrar reglugerðar, fer eftir sverleika heimæðar. Leigugjald skal greiða árlega og vera sem hér segir:

Sverleiki í mm	kr.
< 50	5.958
50-100	14.463
> 100	29.795

Vatnsnotandi skal greiða kostnað við uppsetningu á mæli samkvæmt reikningi.

4. gr.

Heimæðargjald skal taka mið af gerð stærð og lengd heimæðar. Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá lóðarmörkum að inntaksstað mannvirkisins og frágangur hafi verið samþykktur af tæknideild Dalabyggðar.

Þvermál inntaks	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm	90 mm
Fastagjald kr.	77.799	101.140	124.481	147.822	171.161	194.501
Gjald á metra í kr.	1.556	1.867	2.177	2.489	2.800	3.111

Heimæðargjald fyrir inntök stærri en 90 mm verður reiknað sérstaklega af tæknideild Dalabyggðar.

Aukakostnaður: Vanti ídráttarrör eða ef ídráttarrör reynist ónothæft greiðist 3.723 kr./m vegna skurðgraftar og ídráttarrörs. Heimæðargjald breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu.

5. gr.

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds. Vatnsgjald og heimæðargjald, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign næstu tvö árin eftir gjalddaga og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

6. gr.

Gjaldskrá Vatnsveitu Dalabyggðar er samin á grundvelli laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Samhliða fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Dalabyggðar 2023.

Gjaldskráin var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 7. desember 2023.

Búðardal, dd.mm 202x.

Björn Bjarki Þorsteinsson
sveitarstjóri